



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. september
2005

Tilvísun: UST20050800125/bs

Sjóvarnir v/Herjólfsgötu í Hafnarfirði, umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda sjóvörn.

Fyrirhuguð sjóvörn er um 450 m að lengd. Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru eldri sjóvarnir að undanskilinni 80 m langri malarfjöru við Langeyrarmalir. Sú fjara hefur nýst sem útivistarsvæði og verður þess gætt við hönnun sjóvarnarinnar að fjörunni verði ekki raskað og að gott aðgengi verði að fjörunni.

Fyrirhuguð framkvæmd felst að mestu leyti í viðbótum við núverandi sjóvörn. Grjót í framkvæmdina verður tekið úr opinni námu í Kapelluhrauni alls um 8.500 m³.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Stefán Einarsson
Verkefnastjóri